



Viðauki 1a

Grunnþjónusta

Júní 2019

Efnisyfirlit

1.	Skilgreiningar.....	1
2.	Vörulýsing.....	1
3.	Skilmálar.....	2
4.	Umsókn um aðgang að heimtaug	3
5.	Afgreiðsla pantana	3
5.1	Staðfesting og afgreiðsla pantana	3
5.2	Höfnun á pöntun.....	3
5.3	Tafir	4
5.4	Afturköllun	4
5.5	Mælingar	4
5.6	Innleiðing nýrrar tækni.....	4
6.	Tilkynningar	5
7.	Uppsögn	5
8.	Verðskrá	5
8.1	Verð fyrir aðgang að koparheimtaug.....	6
8.2	Aðgangur að kopartengigrind.....	6
8.3	Verð fyrir ljósleiðaraheimtaug.....	6
8.4	Mælingar á heimtaugum	6
8.5	Tilkynning um verðbreytingar	6

1. Skilgreiningar

ADSL	Ósamhverf stafræn notendalína.
DSL eða xDSL	Aðferð sem gerir háhraðagagnaflutning mögulegan á heimtaugum (Digital Subscriber Line).
Koparheimtaug	Koparlína sem tengir tengigrind eða samsvarandi aðstöðu í aðgangsnnetinu við húskassa.
Heimtauganet	Net þjónustusala sem ætlað er til tengingar á notendabúnaði við símstöðvar.
Ljósheimtaug	Einn ljósleiðaraþráður frá staðsetningu ljóstengigrindar þar sem Míla hefur síðasta ljósdeili til húskassa í staðfangi endanotenda. Þessi staðsetning er kölluð TOAL og er þar sem Míla á nægan forða til að veita P2P ljóstengingu til endanotenda.
TOA	Tengistaðir opins aðgangs
TOAL	Tengistaður Opins Aðgangs fyrir Ljósleiðaraheimtaugar. Nettengipunktur þar sem Míla hefur bæði FDP og ljóstengigrind fyrir heimtaugar
Þjónustukaupi	Einstaklingur eða lögaðili sem notar eða sækir um að nota almenna fjarskiptaþjónustu.
VDSL	Mjög háhraða stafræn notendalína (Very high speed Digital Subscriber Line).
VULA	Virtual Unbundling Local Access

2. Vörulýsing

Vörulýsingu hvernar vöru sem Míla býður á aðgangsnnetum sínum má sjá í sérstökum viðaukum um þær. Í boði er eftirfarandi aðgangur að heimtaugum:

- Fullur aðgangur að koparheimtaug frá símstöð eða götuskáp sem inniheldur bæði aðgang að efra og neðra tíðnisviði þar sem eitt fjarskiptaþjónustakæði leigir línuna.
- Skiptur aðgangur að koparheimtaug frá símstöð eða götuskáp þar sem eitt fjarskiptaþjónustakæði leigir neðri tíðnihlutann fyrir talsíma og annað efri tíðnihlutann fyrir gagnaflutning.
- Aðgangur eingöngu að neðra tíðnisviði koparheimtaugar frá símstöð eða götuskáp en efra tíðnisvið er ekki í notkun á sama tíma.
- Aðgangur eingöngu að efra tíðnisviði koparheimtaugar frá símstöð eða götuskáp en neðra tíðnisvið er ekki í notkun á sama tíma.
- Aðgangur að VULA sýndarheimtaugum á aðgangsnnetum Mílu eins og lýst er í sérstöku VULA tilboði Mílu.
- Aðgangur að ljósleiðaraheimtaugum Mílu samkvæmt viðauka 2g þar um.

Ofangreindur aðgangur getur verið að allri koparheimtauginni (loop) eða að hluta hennar (heimtaugarhluti/subloop), en er háður tæknilegri útfærslu á hverjum stað, samanber viðauka um tækniröfur.

3. Skilmálar

Skilmála hvernar vöru má sjá í viðaukum um þá. Þar að auki gilda eftirfarandi skilmálar um aðgang að heimtaugum.

Aðgangur að heimtaugum er látinn í té af Mílu með eftirfarandi skilyrðum:

1. Aðgangur þjónustukaupa að koparheimtaug í tækjarými/hnútpunkti er háður þeim stöðlum sem gilda um nýtingu tíðnirófsins. Nánar er fjallað um þetta í viðaukum um hverja vöru.
2. Aðgangur að heimtaug í tækjarými (TOA/TOAL) skal einungis veittur þjónustukaupa gegn afhendingu þeirra upplýsinga sem farið er fram á í samningi þessum, þ.m.t. upplýsingar um búnað, þekkingu og þjálfun starfsmanna.
3. Aðgangur að heimtaug í tækjarými (TOA/TOAL) er háður því skilyrði að þjónustukaupi valdi ekki skaðlegum truflunum á öðrum heimtaugum með þjónustu sinni.
4. Heimtaug sem nýtt er samkvæmt samningi þessum er eign Mílu.
5. Sé ákveðið fjarskiptafyrirtæki að veita þjónustu á tiltekinni heimtaug, er ekki hægt að veita öðru fjarskiptafyrirtæki fullan aðgang að þeirri heimtaug.
6. Á þeim svæðum sem vigrun er beitt og notast á við VDSL/VDSL2 er aðeins hægt að fá sýndaraðgang (VULA) að koparheimtaugum.
7. Skilmálum um viðgerðarþjónustu er nánar lýst í gæðaviðmiðunar-samningi, viðauka 2h um SLA (e. Service Level Agreement).
8. Verði breyting á nýtingunni skal þjónustukaupi upplýsa Mílu um slíkt t.d. breyting úr ADSL í VDSL2.
9. Við val á strengjum og tengilistum til uppsetningar á tengigrind Mílu, skal nota samskonar efni og þar er fyrir eða fá samþykki Mílu fyrir annarri efnisnotkun ef þess er ekki kostur.
10. Komi til þess að rýma þurfi eða breyta húsnæði á forræði Mílu, þar sem strengir fjarskiptafyrirtækja liggja, bera eigendur viðkomandi strengja hver um sig þann kostnað sem af slíkum breytingum leiðir. Náist ekki samkomulag á milli aðila getur PFS ákveðið kostnaðarskiptinguna.
11. Míla veitir aðgang að nauðsynlegum upplýsingum á þjónustuvef. Þjónustukaupi getur sent óskir um upplýsingar um högun á neti Mílu og þarf þá að skrifa undir bindandi trúnaðaryfirlýsingu um meðhöndlun slíkra upplýsinga. Slíkar upplýsingar varða meðal- og lengstu línulengdir (ef tiltækar), lista yfir heimilisföng frá götuskápum og aðrar nauðsynlegar upplýsingar vegna fyrirhugaðrar uppsetningar VDSL2 búnaðar í götuskáp.
12. Míla áskilur sér rétt að meta í hverju tilviki sem bilun kemur upp í koparheimtaug hvort mögulegt sé, og hagkvæmara, að færa heimtaugaþjónustu yfir á ljósleiðaratengingu í stað þess að gera við koparheimtaugina.

4. Umsókn um aðgang að heimtaug

Þjónustukaupi sem óskar eftir aðgangi að heimtaug sendir umsókn til Mílu þar að lútandi annað hvort beint í gegnum samskiptagátt Mílu eða gegnum þjónustuvef Mílu sem er vefviðmót sem sendir þá beiðnina til samskiptagáttar. Umsóknir skulu ekki sendar fyrr en lokið er gerð viðskiptasamnings á milli endanotanda og þjónustukaupa þar sem fram kemur hvaða fjarskipta-þjónustu viðkomandi endanotandi hyggst gerast áskrifandi að hjá þjónustu-kaupa.

Þjónustukaupi sem leigt hefur fullan aðgang að koparheimtaug má framleigja þriðja aðila skiptan aðgang að heimtauginni en hinn síðarnefndi öðlast ekki bein réttindi gagnvart Mílu og ber ekki beinar skyldur gagnvart Mílu.

Sjá leiðbeiningar um útfyllingu umsóknar um; aðgang að heimtaug, breytingar, uppsagnar og yfirtöku á heimtaug á þjónustuvef Mílu:

<https://thjonusta.mila.is/leidbeiningar>

Ársfjórðungslega skal þjónustukaupi senda Mílu áætlun um breytingar á heimtaugaleigu fyrir næstu 4 ársfjórðunga. Þessar upplýsingar mun Míla nota til að úthluta forða í netinu til að geta betur komið til móts við þarfir þjónustukaupa. Ef verulegs misræmis gætir í áætlun miðað við raunveruleg viðskipti, getur það haft áhrif á SLA viðmið viðkomandi fyrirtækis.

Míla áskilur sér rétt til þess að synja viðskiptavini, sem er í vanskilum, um heimild til að bæta við endanotendum.

5. Afgreiðsla pantana

5.1 Staðfesting og afgreiðsla pantana

Þegar umsækjandi hefur sent inn pöntun skal Míla staðfesta móttöku. Staðfesting á móttöku pöntunar er þó ekki staðfesting á réttmæti hennar eða að upplýsingar séu fullnægjandi.

Nánar er fjallað um afhendingarviðmið í viðauka 2h SLA & SLG.

Þegar gera þarf umtalsverðar breytingar á kerfi Mílu gilda ekki umræddar tímasetningar varðandi afhendingu.

Míla skal upplýsa umsækjanda um að heimtaug sé tilbúin til notkunar.

Mílu er heimilt að áskilja mest eins mánaðar lágmarksleigu fyrir aðgang að heimtaug. Míla skal gæta jafnræðis milli allra þjónustukaupa hvað afgreiðslu umsókna varðar.

5.2 Höfnun á pöntun

Míla skal verða við öllum eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um aðgang að kopar- og ljósleiðaraheimtaugum sínum, séu þær tiltækar, þó með þeim takmörkunum sem fjallað er um í viðmiðunartilboðinu og öllum viðaukum þess. Ef til þess kemur að Míla þarf að hafna pöntun vegna þess að hún er ekki sanngjörn og eðlileg ber Mílu að leggja fram gögn til stuðnings höfnuninni innan 30 virkra daga frá því að skrifleg ósk um það berst frá aðgangsbeiðanda.

5.3 *Tafir*

Ef tafir verða fyrirsjáanlegar á aðgangi að heimtaug umfram það sem áður hefur verið tilkynnt, skal Míla, svo fljótt sem auðið er, upplýsa umsækjanda og gefa skýringu á seinkuninni.

5.4 *Afturköllun*

Komi til þess að pöntun um aðgang að heimtaug er dregin til baka skal þjónustukaupi bera sannanlegan kostnað að þeim hluta verksins sem þegar hefur verið framkvæmdur.

5.5 *Mælingar*

Þjónustukaupi sem óskar eftir leigu á heimtaug getur óskað eftir því að heimtaug verði mæld áður en hún er afhent til notkunar. Aðilar skulu fyrirfram koma sér saman um umfang mælinga og gjaldtöku fyrir þær. Þegar sótt er um skiptan aðgang að koparheimtaug og vafi þykir leika af hálfu þjónustusala um möguleika þess að veita slíkan aðgang getur umsækjandi krafist þess í sérstökum tilfellum að vera viðstaddur mælingar á heimtaug sem sýna eiga hvort heimtaugin ber gagnaflutning með xDSL aðferðum án þess að valda truflunum.

5.6 *Innleiðing nýrrar tækni*

Ef þjónustukaupi óskar eftir leigu á heimtaug fyrir tækni (þjónustu) sem ekki hefur áður verið tekin í notkun á heimtauganeti Mílu þá skal umsóknin sett í eftirfarandi afgreiðsluferli:

1. Míla skal í samvinnu við þjónustukaupa meta hugsanleg áhrif af innleiðingu á nýrri tækni á fyrirliggjandi þjónustu í heimtauganetinu og gera tillögur um aðgerðir sem miða að því að koma í veg fyrir skaðlegar truflanir á þjónustu annarra þjónustukaupa.
2. Míla skal kynna Póst og fjarskiptastofnun (PFS) fyrirhugaðar aðgerðir sem miða að því að innleiða nýja tækni í heimtauganetinu án þess að valda skaðlegum truflunum á aðra þjónustukaupa. Míla skal á sama tíma óska eftir umsögn PFS um fyrirhugaðar aðgerðir.
3. Míla skal upplýsa þjónustukaupa um niðurstöður umsagnar PFS um fyrirhugaðar aðgerðir.
4. Þjónustukaupi skal í samvinnu við Mílu innleiða nýja tækni í samræmi við umsögn PFS um fyrirhugaðar aðgerðir.

6. Tilkynningar

Fjarskiptafyrirtækjum sem gera samning um þjónustu við endanotanda og leigja aðgang að heimtaug af Mílu til þess að geta veitt viðkomandi þjónustu, ber að upplýsa notendur um hvert þeir geti tilkynnt um bilanir. Notanda ber að beina kvörtunum einungis til þess þjónustuveitanda sem hann hefur gert samning við. Þjónustukaupa ber að kanna hvort bilun geti verið í neti hans eða þjónustu. Sé talið óyggjandi að bilun sé í neti Mílu skal þjónustukaupi senda bilanatilkynningu til Mílu.

Míla skal tilkynna um jarðvegsframkvæmdir og lagnavinnu sem hefur áhrif á högun núverandi aðgangsnets með minnst 6 mánaða fyrirvara.

7. Uppsögn

Tilkynning um yfirtöku eða uppsögn á heimtaugarleigu skal tilkynnt Mílu rafrænt í gegnum þjónustuvef eða samskiptagátt. Yfirtaka þjónustukaupa A frá þjónustukaupa B á leigu heimtaugar á gefnu tíðnisviði jafngildir uppsögn af hálfu þjónustukaupa B.

Leiga á heimtaug verður ekki framseld þriðja aðila.

8. Verðskrá

Ef aðeins POTS heimasími er í notkun á koparheimtauginni greiðir sá þjónustuveitandi fyrir afnotin.

Ef aðeins xDSL er í notkun á koparheimtauginni greiðir sá þjónustuveitandi fyrir afnotin.

Sé bæði POTS heimasími og xDSL í notkun á koparheimtauginni skal þjónustukaupinn með POTS heimasímann greiða fyrir afnotin

Flutnings- og stofngjald á koparheimtaug skulu greiðast af þeim þjónustukaupa sem greiðir fyrir afnotin.

Við uppsögn á heimtaug greiðir fráfarandi þjónustukaupi út líðandi mánuð.

Verð er án vsk.

8.1 Verð fyrir aðgang að koparheimtaug

Þjónusta	Verð
Aðgangur að koparheimtaug	1.558 kr./mán.
Koparheimtaug - stofngjald	3.166 kr.
Koparheimtaug – flutningur	3.166 kr.

8.2 Aðgangur að kopartengigrind

Míla veitir fjarskiptafyrirtækjum aðgang að kopartengigrind. Verð miðast við hverjar 100 línur.

Þjónusta	Verð
Verð fyrir aðgang að tengigrind (100 línur)	1.223 kr./mánuði

8.3 Verð fyrir ljósleiðaraheimtaug

Verðskrá fyrir ljósleiðaraheimtaugar er að finna á heimasíðu Mílu <http://www.mila.is>

8.4 Mælingar á heimtaugum

Óski þjónustukaupi eftir mælingu á heimtaug, skal Míla verða við slíkum óskum. Þjónustukaupi getur óskað eftir verðtilboði í mælingarnar. Reynist heimtaug biluð er Mílu óheimilt að innheimta gjald fyrir mælinguna.

Míla skal, ef nokkur kostur er, veita þjónustukaupa aðgang að mælingum í gegnum kerfi sitt.

8.5 Tilkynning um verðbreytingar

Míla skal tilkynna þjónustukaupa um verðskrárbreytingar með a.m.k. 60 daga fyrirvara.